

Sþ.

21. Tillaga til þingsályktunar

um afnám og lækkun tolla á nauðsynjavörum.

Flm.: Þóroddur Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar fara fram endurskoðun á lögum um tollskrá, í því skyni að fella niður tolla á þeim vörum, sem áhrif hafa til hækkunar á framfærslukostnað, svo og lækka eða fella niður tolla á þeim vörum, sem atvinnuvegir landsmanna þarfnast mest til framleiðslunnar, og enn fremur öðrum þeim nauðsynjavörum, sem beint og óbeint hafa áhrif til hækkunar á verðlag í landinu. Felur Alþingi ríkisstjórninni að leggja fram, svo fljótt sem unnt er, frumvarp til laga, sem feli í sér framangreindar breytingar á tollalöggjöfinni.

Jafnframt felur Alþingi ríkisstjórninni að notfæra sér nú þegar heimild í gildandi tollalöggjöf og hætta að innheimta tolla af stríðsfarmgjöldum.

G r e i n a r g e r ð .

Ein af ástæðunum fyrir hinu háa verðlagi í landinu eru þeir gifurlega háu tollar, sem ríkið leggur á flestar innfluttar vörur. Tollarnir hafa farið ört hækkandi á undanförunum árum og eru nú rúmlega sjöfaldir á við það, sem þeir voru fyrir stríð, því að 1938 námu aðflutningstollarnir rétt um 7 millj. kr., en tvö undanfarin ár um 50 millj. króna hvort ár. Nú er ekki nóg með, að þessir tollar hækki innfluttu vörurnar um 50 millj. króna á ári, heldur kemur ofan á það álagning bæði heildsala og smásala, sem er varlega áætluð 50 til 60% eða 25 til 30 millj. og sennilega þó nokkuð miklu meira.

Það hefur verið reiknað út, að afnám tolla á þeim vörum, sem vísitala kauplagsnefndar er reiknuð eftir, mundi lækka vísitöluna um 20 stig a. m. k. og mundi valda meiri lækkun á dýrtíðinni en á vísitölunni. Við útreikninga, sem gerðir hafa verið, að vísu í flýti, virðist svo sem ríkissjóður mundi við það tapa í tolltekjum 8½ milljón króna. Þegar þetta er borið saman við það, að ríkissjóður hefur undanfarið keypt niður vísitöluna um 14 til 15 stig með því að greiða niður verð á kjöti og mjólkurafurðum, en það nemur um 15 millj. króna útgjöldum á ári, sést bezt, hve miklu hagstæðara væri fyrir ríkissjóð að afnema tollana á nauðsynjavörum. Eftir því sem bezt verður séð, er því hér um miklu hyggilegri leið fyrir ríkissjóð að ræða, þar sem með afnámi tollanna er hægt að lækka vísitöluna um 20 stig með 8½ milljón króna úr ríkissjóði, en með niðurkaupum á verði kjöts og mjólkurvara kostar ríkissjóð árlega 15 milljónir að lækka vísitöluna um 14—15 stig. Auk þess er það sannað mál, að með hinni síðari leið lækkar dýrtíðin minna en vísitalan, svo að allir launþegar tapa á því, að vísitalan sé lækkuð á þann hátt.

Í báðum tilfellunum kemur svo auðvitað á móti það, sem ríkissjóður sparar í útgjöldum við hina lækkuðu vísitölu.

Eins og að framan er sagt, eiga tollarnir ekki óverulegan þátt í dýrtíðinni í landinu, og virðist sjálfsgagt, að fyrstu skrefin, sem stíga beri gegn dýrtíðinni, ætti að vera það að lækka þá og afnema, fyrst og fremst af vörum þeim, sem áhrif hafa á framfærslukostnað, og svo á þeim vörum, sem atvinnuvegir þarfnast mest, og öðrum þeim nauðsynjavörum, sem áhrif hafa til hækkunar á verðlagið. Í þeim miklu umræðum, sem farið hafa fram um dýrtíðina og hvernig beri að lækka hana, hefur jafnan borið mest á þeirri tillögu, að lækka ætti kaupgjald og þá stundum verið komið með þá hlægilegu firru að kaupíð sé orsök dýrtíðarinnar. Kaupgjald er nú alls staðar á landinu reiknað út eftir vísitölu kauplagsnefndar og hækkar því og lækkar með dýrtíðarvísitölunni. Það er því dýrtíðin, sem er orsök hins háa kaups, en ekki afleiðing þess. Sú leið að lækka dýrtíðina með því að lækka grunnkaup launþega er ranglátasta leiðin, sem til er. Hún er enn fremur óviturlegasta leiðin, og síðast en ekki sízt er hún með öllu óframkvæmanleg.